

### Ágætu félagasmenn Snarfara

Undirritaður nefndi í fyrra fréttabréfi að félagið stæði á krossgötum og velti upp nokkrum hugmyndum í tengslum við uppbyggingu Vogabyggðar o.fl. Í þessu fréttabréfi septembermánaðar er haldið áfram með fyrri umræðu og farið ítarlegar í nokkur stóru mál sem eru framundan og bíða ákvörðunar. Einnig eru nokkrar áhugaverðar hugmyndir lagðar fram sem brýnt er að félagasmenn myndi sér skoðanir á fyrir næsta félaga-, og svo aðalfund. Einnig eru fréttir úr starfseminni og upplýsingar og ábendingar sem ætlaðar eru okkur félagsmönnum. Vil sérstaklega minna á félagafund sem haldinn verður laugardaginn 17.sept en fyrirhugað er að enda þann fund með góðu partíi. Erum að hugsa um að bjóða upp á ókeypis gómsæta kjötsúpu eftir fundinn og ef veðrið verður bærilegt að færa jafnvel partíið út úr húsi og út í garð. Þannig að nú er bara að hrista rykið úr loppeysunni. Þar verður tækifæri fyrir okkur öll, bæði nýja og heldri féлага og þá sem eru þar á milli til að kynnast betur, gleðjast saman og ræða málin. Bjór og léttvín verður til sölu á hagstæðu verði. Sendum formlega auglýsingu von bráðar. Muna svo heimasíðuna okkar þar sem tilkynningar, fréttir o.fl má finna [snarfari.is](http://snarfari.is). Það er svo búið að stofna facebook síðu Snarfaramanna og er bara að smella á facebook teiknið neðst á forsíðu heimasíðu Snarfara til að komast þangað. Félagið á sér enga tilveru án áhugasamra félagsmanna.

Góðar stundir.

Pétur Ó. Einarsson  
formaður, Snarfara.

## Vogabyggð og stækkun hafnar

Efnahagástand er gott og ekki fyrirsjáanlegt annað en svo verði næstu árin. Vextir hafa lækkað og fólk hefur meira fé á milli handanna. Aukning er í fjölda umsókna um aðild að félaginu en bið er eftir föstum stæðum og vantar bryggjupláss. Því er lag fyrir Snarfara, vilji félagið stækka.

Beiðnir hafa borist frá utanfélagsmönnum um að geyma báta sína á landi yfir vetrartímam. Eins er búist við um 3 til 4 erlendum skútum þetta árið með vetrarsetu. Félagið hefur af þessu ágætar tekjur. Þar liggja vannýtt tækifæri til fjáröflunar. Með lítilli fyrirhöfn og markaðsstarfi væri hægt að stórauका þennan þátt. Vandamálið liggur fyrst og fremst í öflugri tækjabúnaði til að taka upp og setja niður báta. Af plássu fyrir vetrarsetu báta hefur félagið nóg.

Hugmyndir eru uppi um að auka stækka höfnina til vesturs og sneiða aðeins af tanganum þar sem þjónustubryggjan er. Um er að ræða viðbót um amk 30 pláss auk þjónustubryggju. Hugmyndavinna er í gangi en ekkert formlegt ferli hefur verið sett af stað Þetta er líklegasta leiðin sem yrði samþykkt hjá skipulagsyfirvöldum. Tiltölulega auðvelt væri að framkvæma dýpkun frá landi. Hugmynd um að færa innsiglingargarðinn norðar hafði fyrir nokkrum árum verið lagðar fram af hálfu Snarfara en var hafnað af yfirvöldum. **Þeir sem áhuga hafa á að skoða þessi mál og útlista betur hugmyndir með stjórn hafi samband við formann.** (Athugið að myndin er gerð meira af vilja en getu, en gefur hugmynd um hvert er verið að fara )



Ein af hugmyndum stjórnar um stækkun bryggjupláss. Minnsta raskið og hægt að dýpka frá landi. Gert er ráð fyrir að rampur haldi sér og gert ráð fyrir "travel lift" þar í framtíðinni.

A: Eingöngu grafið og hlaðið stórgrýti. Bryggja á staurum. Kannur út lengdur.

B: Viðlegantur fyrir utanaðkomandi erlenda /íslenska skemmtibáta. Olíuástaða á sama stað. Bryggja á staurum

Hægt er að hugsa sér fleiri útfærslur og þá fleiri staði. Bátar á mynd eru í réttri hlutfallslegri stærð.



Hér má sjá lagnakerfi í Snarfara

Ýmsar útfærslur eru til




## Fundur með Reykjavíkurborg vegna uppbyggingar Vogahverfis

Framkvæmdir við „uppbyggingu Vogahverfis“ munu taka mörg ár. Vinna næst Snarfara, vestan megin hefst þó fyrir en varir. Á fundi sem stjórn Snarfara átti með aðilum frá Rvk.borg í lok ágúst kom fram sú ósk að félagið væri búið að skilgreina þarfir sínar og óskir varðandi aðstöðuna til framtíðar og áður en viðræður hefjast um skipulag á tunganum okkar. Þeirri vinnu skal lokið í nóvember. Þeir lýstu sérstaklega ánægja sína með Snarfara og samskiptum gegnum tíðina. Ein athugasemd kom vegna „kerruskógarins“ og báta sem hafa legið óhreyfðir til fjölda ára vestan megin á svæðinu og spurt hvort ekki væri hægt að taka til betur þar og gera snyrtilegra vegna ásýndar svæðisins. Bregðast þarf við.

Á fundinum nefndum við sérstaklega eftirfarandi þætti sem við höfðum áhuga á:

- Framlengja aðstöðusamningi
- Að koma innsiglingamálum (dýpkun rennu) í ákveðin farveg (í samning)
- Að fá samþykkt að reisa ný mannvirki á svæði Snarfara (félagsheimili og viðgerðarhús)
- Að fá samþykkt að stækka höfnina, fjölga bryggjuplássum og gera breytingar í þá átt að þar verði komið fyrir bátalyftu.

Snarfari þarf að hefja þessa undirbúningsvinnu núna samhliða hinu nýju deiluskipulagi á svæðinu og næsta nágreinni. Hugmyndin er ekki að hefja allar framkvæmdir strax heldur koma nauðsynlegum leyfum í höfn og forgangsraða verkefnum m.t.t fjárhagsstöðu hverju sinni. Tvær nefndir hafa verið kallaðar til þess að vinna að undirbúningi nýs félagsheimilis og viðgerðarskemmu en skipuleggja þarf svæðið í heild og endurhugsa sem hlýtur að vera forgangsmál.



Hugmyndir af nýju skipulagi til vinstri og svo til gamans má sjá hér tillögu af eldra deiluskipi. Lóðarmörk skv gildandi mæliblaði en þar fyrir neðan fyrirheit um lóðarmörk 1989. Svo þar fyrir neðan hugmyndir um ný lóðarmörk. Teiknaðar eru bátaskemmur og lýsir stórhug Snarfaramanna en velta má fyrir sér hver fasteignagjöld yrðu af slíkum framkvæmdum.

## Nefnd um félagsheimili- Hlutverk

**Undirbúa** og efna til hugmynda-/hönnunarsamkeppni meðal arkitekta um nýtt) á svæði Snarfara. Velja verðlaunatillögu og bera undir stjórn. Undirbúa, kynna og leggja fram á aðalfundi jan. 2017, tillögu um að hefja framkvæmdir ef það er niðurstaða.

### Undanfari:

Skilgreina og leggja mat á hvaða aðstöðu félagsmenn/félagið þarf m.t.t. hlutverks þess þ.m.t. þjónustu sem félagið veitir og hyggst veita í framtíðinni. Kanna fýsileika þess að bjóða út veitingarekstur t.d. úr félagsheimili eða sem séreiningu með það í huga að leiga myndi greiða hluta fjárfestingarinnar. Áætla heildarkostnað við framkvæmd verðlaunatillögu og gera greiðsluáætlun.

### Krafa

Falli að umhverfi og tengist hugmyndum um uppbyggingu Vogahverfis. Vekur áhuga á starfsemi og styður við félagsstarf allt árið. Kemur til móts við þarfir félagsmanna og þeirrar þjónustu sem félagið hyggst veita. Félagsgjöld (leiga + aðrir tekjumöguleikar af fjárfestingu) standi undir kostnaði og rekstri.

**Í nefndinni eru:** Hafliði Árnason, Ólafur Viggósson, Símon Kjærnested, Tómas Jónsson, Pétur Ó. Einarsson. Hafliði er verkefnisstjóri hópans. Fyrsti fundur er áætlaður í september.

## Nefnd um viðgerðarhús

Nefndinni er falið að skoða hvort áhugi sé meðal félagsmanna um að byggja viðgerðarhús, koma með tillögur og meta hvort rekstrarlegur grundvöllur sé fyrir slíku húsi. Í nefndinni eru: Símon Kjærnested og Róbert Magnússon-**Áhugasamir sem vilja taka þátt í nefndinni hafi samband við stjórn.**

## Innsiglingarmál, dýpkun rennu

Hér hefur ekkert nýtt gerst en gefin voru fyrirheit á vorkundi með borgaryfirvöldum um að framkvæmdir myndu hefjast að hausti Rætt var við tengilið okkar hjá borginni um miðjan ágúst og ætlar hann að skoða þetta sín megin og vera í sambandi við okkur í framhaldi. Þetta er orðin margra ára hausverkur og áriðandi að reyna að koma á einhverju föstu samkomulagi við borgaryfirvöld.

## Bátaflutningatæki

Komin er tími til að huga að kaupum á bátalyftu. Ýmis rök falla að því m.a. frekari tekjumöguleikar fyrir félagið, sparnaður fyrir félagsmenn í kaupum á bátum þar sem kerrur eru oft stór hluti fjárfestingarinnar, hægt er að raða bátum þéttar á landi og gera mun snyrtilegra á svæðinu. Bátalyfta nýtist félaginu mun betur en traktorinn sem hefur verið dýr í rekstri undanfarið vegna tíðra bilana. Skoðun hefur leitt í ljós að hægt er að fá notaðar bátalyftur á góðu verði. Rampurinn myndi samnýtast eftir sem áður. **Óskað er eftir aðilum til þess að kanna þessi mál að alvöru fyrir hönd félagsins og kynna niðurstöður formlega fyrir félögum.** Lágmark er bátalyfta með 25 tonna lyftigetu.



## Viðeyjar- og Hvammsvíkurbyggja

Báðar byggjur verða teknar á land í september.

## Sjálfböðavinna, þjónusta og starfsmaður á svæðið

Félagsmenn vilja þjónustu þegar þeir þurfa og stjórnarmeðlimir og aðrir sem sinna þjónustunni veita hana þegar þeir geta. Þetta fer illa saman. Verkefni eru ærin og illframkvæmanlegt og vart boðlegt að fámennur hópur félagsmanna sinni þeim öllum utan vinnutíma og um helgar. Eins er það vont fyrir félagsmenn að þurfa að eltast við stjórnarmeðlimi til þess að fá þá þjónustu sem þeir þurfa. Skilgreina þarf hvenær félagsmenn geta gengið að þjónustunni vísri eins og niður- og uppsetningu báta, aðgengi að skrifstofu vegna lykklaskipta og slíkt. Stjórn hefur velt upp hugmyndinni að verktaki myndi taka að sér ákveðna þjónustu á svæðinu á skilgreindum tíma á árinu þegar mest væri að gera. Um gæti verið að ræða nokkra daga á viku fáeinar klst á dag og tengdist álagsmánuðum (og flóðatöflu). Einnig að fylgjast með rafmagni, umgengi og slíku með stjórnarmönnum. Ekki er víst að mikill kostnaður yrði af slíku því ef talað er tæpitungulaust þá er það því miður þannig að oft er ekki greitt fyrir þjónustu við

traktor eða ramp, bátar koma inn á svæðið eða í höfn án þess að greiða og rafmagn er tekið án þess að það komi fyrir það gjald. Það er ekki sjálfsagt að rampur og traktor sé aðgengilegur á öllum tímum sólarhrings. Hluti af kostnaði starfsmanns kæmi til baka í betri innheimtu gjalda og betri og skilvirkari þjónusta yrði veitt á svæðinu sem og eftirlit með eignum félagsmanna yrði betur tryggð.

### **Rafmagnsmál**

Rafmagnsmál á svæðinu er efilífur hausverkur. Eftir er að senda út reikninga allt frá árinu 2014 . Félagsmenn geta búist við reikningum í heimabanka á næstunni en nýbúið er að lesa af mælum og gjaldkeri félagsins fer að ganga frá þessu. Til stendur að skipuleggja betur aðgengi félagsmanna að rafmagni. Þeir sem þurfa og nota sannarlega rafmagn t.d. yfir vetrartímann verða líklega settir vestan megin við félagsheimili þar sem rafmagnskassi er við malarplanið og þá beggja vegna við þ.e. malbiksmegin og malarmegin við girðinu en fjölgað verður mælum þar (alls 20 mælar) en kassinn við félagsheimili líklega færður. Einnig verða aðrar aðgerðir framkvæmdar til að útvega þeim sem sannarlega nota rafmang aðgang að þeirri þjónustu. Það er félaginu dýrt ef félagsmenn einoka mæla sem eru jafnvel ekkert notaðir árið um kring eða sáralítið. Stjórn hvetur félagsmenn til að nýta mæla saman.

Fyrir hönd Stjórnar Snarfara

Pétur Ó. Einarsson, formaður